



Þriðjudagurinn 8. september 2021.

Stjórnarfundur í Fjáreigendafélagi Reykjavíkur.

12. fundur

Mættir: Sveinbjörn Guðjohnsen (SG), Ásgrímur Jörundsson (JÁ), Finnur Kristinsson (FK), Kolbrún Kristín Birgisdóttir (KKB) og Erla Guðmundsdóttir boðaði forföll á síðustu stundu (EG). Allir varamenn voru einnig boðaðir, en enginn mætti. Hallgerður afboðaði sig á síðustu metrunum.

1. Losun á kindaskít á borgarlandi. SG og AJ fóru í rannsóknarleiðangur austur fyrir Fjárborgarsvæðið, þar sem AJ hafði rekist á kindaskítshrúgu á borgarlandinu. Við nánari skoðun fundu þeir út úr því hver bæri ábyrgð á þessu. Náðu þeir sambandi við bílstjóran, sem ók fyrir viðkomandi og var hann mjög óhress með hvernig að þessu var staðið og sagðist myndi veiða þetta upp. Sá sem átti skítinn sagðist hafa leyfi til þess að losa á þessu svæði og var með bílstjóranum. Mikið rætt hvernig við getum stoppað svona. Mikilvægt að við komum tilkynningu til félagsmanna, að svona losun sé ekki ásættanleg. Bílstjórinn hefur lofað að fjarlægja hrúguna.
2. Sérstakur fundur með fjáreigendum var haldinn 1. september. Gekk hann vel og voru allir sáttir með undirbúning fyrir réttir.
3. Búið er að semja við borgina (SG) um afnot Fjáreigendafélagsins af Jens Péturs túninu. Um er að ræða allt það svæði sem Jens Pétur var búinn að girða af fyrir sig og sínar skepnur. Megum við nýta svæðið fyrir beit og verður það í umsjá FR fram á næsta sumar í það minnsta. Skilyrðið er að við tökum til á svæðinu og í kringum gámana. Helst þyrftu þeir að fara. Ætlunin er að kalla til sjálfboðaliða í þessa vinnu á næstu dögum. Skipulag og úthlutun beitara þarf að fara í gegnum stjórn FR.
4. Grjót af Baðhúslóðinni. SG leggur til að nota grjót sem kom upp úr Baðhúslóðinni í girðingarframkvæmdunum til þess að loka reiðleiðum. Gera þarf það í samráði við Fák. Einnig þarf að hafa í huga að fjarlægja þarf grjótið tímanlega fyrir veturinn, þannig að hægt verði að riðja stígana.
5. Auglýsa réttirnar. SG hafði framsögu um og óskaði eftir að við myndum auglýsa réttirnar hjá borginni og skólum borgarinnar. Efasemdaraddir komu fram, m.a. vegna Covid ástandsins. SG taldi mikilvægt fyrir okkur að auglýsa okkur á jákvæðan hátt og eins að reyna að bæta ímynd okkar. Flestir sammála því, en ekki allir sammála um að auglýsa viðburðinn. Það verður til bráðabirgða að réttað verði við Baðhúsið. Vonandi tekst okkur að klára réttina á Mosum fyrir næsta haust og þá er tilvalið að auglýsa. Ný rétt og betri aðstaða til að taka við fólki. Rætt um að bjóða Magnúsi Hlyni, fréttamanni stöðvar 2 á suðurlandi og eins blaðamönnum Bændablaðsins. Fram kom að búið er að tilkynna réttirnar í Bændablaðinu. Ef við ætlum að taka á móti gestum á réttardaginn í Fjárborg þarf að skipuleggja aðkomu og bílastæði.
SG spurði hvort áhugi væri fyrir að fá harmonikkuleikara til að vera við Baðhúsið á réttardaginn. Var tekið vel í það ef kostnaður er innan skynsamlegra marka. SG ber undir gjaldkera.
Lena mun sjá um morgunkaffið á réttardaginn. EG hefur tekið að sér að sjá um súpuna.



6. Rætt um að boða sjálfboðaliðafund til þess að klára réttina. Klára þarf hliðin (SG heyrir í girðingarverktaka) og eins þarf Stefán að klára gerðið á sína hlið lað Baðhúslóðinni. Setja þarf upp dilka o.s.frv.
7. Kerrur. Mikilvægt er að koma með ábendingu til félagsmanna að leggja kerrum sínum á kerrustæðið norðan við Fjárborgina. Of mikið er um það að stórum kerrum sé lagt í göturnar.
8. Lausar og ónýttar lóðir. Hvað getum við gert til þess að þrýsta á að byggt verði á þessum lóðum sem standa auðar og oft fullar af drasli? Spurning hvort hægt sé að senda bréf á þá sem eru skrifaðir fyrir lóðunum og benda á skilmála um að byggja þurfi fyrir ákveðinn tíma. Einnig má nefna að félagið hafi hug á að innkalla lóðirnar hyggist umráðamaður ekki ætla að byggja innan ákveðins tíma.
9. Fundur með borgarstjóra. Svar kom frá Sonju Wium lögfræðingi hjá skrifstofu borgarstjóra, þar sem hún sagðist hafa verið beðin um að taka þennan fund yfir hönd borgarstjóra. Rætt hjá okkur hvort það væri nóg. Allir sammála að óska eftir að fundurinn yrði með borgarstjóra, þó svo að við þyrftum aðeins að bíða lengur. FK sendir henni okkar svar.
10. Reikningur vegna áburðar. Fundist hefur reikningur fyrir áburði frá 2017. Þar var tekinn út áburður hjá Fódurblöndunni og greiddur af Fjáreigendafélaginu. Er þetta reikningurinn sem PS talar um?
11. Sauðafell. Félagið er óstarfhæft og að vissu leiti ólöglegt, m.a. ekki verið haldinn aðalfundur í langan tíma. Sigurbjörn lögmaður okkar staðfestir að Landsnet greiddi bætur fyrir land beint til Sauðafells. En ekki hefur verið greiddur fjármagnstekjuskattur af þessari greiðslu. Væntanlega verður boðaður sér fundur vegna þessa máls þegar Sigurbjörn hefur frekari upplýsingar.
Sauðafell er sameignarfélag sem er óhagstætt fyrir einkaaðila að taka á sig persónulegar ábyrgðir vegna þess. Sigurbjörn mælir með því að við óskum eftir því að félagið verði gert upp. FR á 45% hlut í félaginu, en það hefur ekki fengið eina krónu út úr þessu öllu saman. Eign sem engu hefur skilað.
Magnús Leopoldsson var að reyna að selja landið á sínum tíma. Sigurbjörn ætlar að kanna hvað Magnús Leopoldsson segir og hvað hafi verið áætlað söluverð. Hverjir gætu verið mögulegir kaupendur: Ríkið, Isavia, Hafnarfjarðarbær og Flugleiðir?
Þetta þyrfti að afgreiða á aðalfundi. Sá næsti? Þarf að vera vel undirbúið, þar sem margir gætu haft áhuga á þessu máli.
12. FK lagði til að stjórnarmenn kæmu með lista yfir þau mál sem taka þarf fyrir á næstunni, þannig að við hefðum yfirlit yfir okkar vinnu og hvað er framundan. M.a. vegna þess að ekki er víst að við séum að funda vikulega eftir réttir.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 15. september kl. 18.30

Fundarritari Finnur Kristinsson.